

Hæstvirtur heilbrigðisráðherra og aðrir ráðamenn.

Ég heiti Stefnir og er venjulegur skattborgari, en samt með óvenjulegt hlutverk í lífinu. Ég er nefninlega Slökkviliðsmaður og Bráðatæknir hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Frá mínum fyrsta degi hef ég verið stoltur af starfinu. Þar er valinn maður/kona í hverju sæti, prófaður andlega og líkamlega til hins ýrasta, svo hægt sé að skera úr um að viðkomandi geti valdið starfinu.

Þegar bankahrunið varð áttuðu yfirmenn sem og undirmenn SHS sig á því að mjög krefjandi tímar væru framundan. Fyrir utan niðurskurð og skipulagsbreytingar innan fyrirtækisins voru framundan tímar sem myndu hafa áhrif beint á geð og sál starfsmanna. Þrátt fyrir að mörg okkar voru sjálf að ganga í gegnum skilnaði, hjónabandsörðugleika, húsnæðismissi og skuldaaukningu sem beina afleiðingu falls bankanna. En það var lagt upp með af yfirmönnum okkar að hverju sem við lentum í myndum við sinna okkar störfum eins og ekkert hafi ískorist og ef beygur var á mönnum settum við höfuðið undir okkur til þess að koma samborgaranum til hjálpar á þeirra erfiðu tímum. Vanlíðan fólks í landinu vegna óvissu um framtíð sína, atvinnu og húsnæði er gífurleg, þið kannski lesið um það í blöðunum. En við sjáum það á hverjum degi. Ég og mínir vinnufélagar höfum lent í svo myrkum aðstæðum undanfarin ár bæði vegna eigin óvissu og þeim harmleikjum sem starfið hefur krafist af okkur að við mætum. Ég hef of oft þurft koma inn á heimili þar sem einhver höndlaði ekki álagið lengur og tók líf sitt. Stigið inn í heimilisofbeldi þar sem fjölskyldan er að liðast sundur, börnin brotin og engin von sjáanleg. Og allan annan mannlegan harmleik sem þið getið, eða getið ekki ímyndað ykkur. Já sumt situr í sálinni og gleymist aldrei, og ekki sjálfgefið að til sé fólk sem velji þetta sem atvinnu. En mannskapurinn sem hefur valist í þetta hjá SHS er ótrúlegur. Þennan mannauð viljið þið ekki hafa í lausu lofti.

Þrátt fyrir hvað mitt samstarfsfólk hefur staðið sig ótrúlega vel, stóðum við frammi fyrir atvinnu óvissu allt árið 2012 þar sem ríkið var tregt að semja um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu eins og því bar skilda til. Svo gerðist það að loksins heyrðum við okkar fyrstu góðu fréttir í febrúar 2013. Það var búið að gera samning. Bros færðist yfir lúin andlit yfir og undirmanna. En nú allt í einu fela menn sig bakvið orðið; „drög að samningi“. Hvað klikkaði? Afhverju þessi 180 gráðu beygja? Afhverju þessi einkavæðingatónn?

Núna, þrátt fyrir að óháð úttekt KPMG, sem segir ykkur að óbreytt rekstrarfyrirkomulag sé besta leiðin. Augljóst liggur fyrir hvað ríkið ætlaði sér að borga fyrir sjúkraflutninga í Árnessýslu þegar verkið var boðið út en útreikningar ríkisins stóðust ekki og allt nú miklu dýrara í ykkar höndum. Þrátt fyrir að ISAVIA sagði upp samning sínum við SHS vegna nokkura milljóna mun, því þeir ætluðu að spara og kostnaðurinn fór úr böndunum. Það sem hefur verið einkavætt og tekið af slökkviliðum í nágrannalöndum okkar vilja menn færa aftur til fyrra horfs. Ætlum við aldrei að læra? Þrátt fyrir allar viðvörðunarbjóllur um að þessu verkefni sé best varið áfram í höndum SHS hefur það heyrst að þú sjáir fyrir þér að Landspítalinn taki yfir reksturinnLSH hefur ekki einu sinni efni á rafhlöðum í eitt vasaljós. Og hver er það sem segir að þótt menn missi vinnuna hjá SHS að þeir vilji vinna hjá LSH, á kannski að skikka menn til þess. LSH hefur bara yfirdrifið nóg á sinni könnu og mun ekki geta sinnt þessari grunnstöð, eða mætt þennslu verkefna. Ef þú trúir mér ekki sjáðu þá bara hvernig reksturinn gengur núna. Allir óánægðir.....og viltu þá bæta við annari starfstétt í þann hóp?

Mér finnst sorglegt að ríkið skuli ekki hlusta á viðvaranir manna sem þekkingu hafa á þessum hlutum. Mér finnst skrítið að KPMG segi þetta kosta um 850 milljónir, sveitafélögin sem standa að SHS ætluðu að reka þetta fyrir 708 milljónir fyrstu 3 árin þá segið þið blákalt að rúmar 620 milljónir dugi? Mér finnst við eiga skilið aðeins meira þakklæti frá ykkur heldur en leika ykkur með atvinnuöryggi þeirra sem hafa mætt þörfinni hvað eftir annað og aldrei talið það eftir sér. Þrátt fyrir að einhverjir aðilar sem sjá SHS allt til foráttu hafi í gegnum árin haldið því á lofti niðri í heilbrigðisráðuneyti að sjúkaflutningar eigi heima innan spítalans, þá trúi ég því með mína reynslu og þekkingu á þessum málaflokki að þeir hafa rangt fyrir sér. Jújú, ef starfsvæði okkar teldi 3 milljónir manna væri það kannski mögulegt. En þar sem við teljum rétt rúm 320 þúsund á öllu landinu, yrði það fásinna.

SHS er einskonar „stóri bróðir“ allrar starfstéttarinnar á landinu. Stjórnendur þess hafa í gegnum árin stutt við mikla framþróun í öllum okkar málaflokkum og öll önnur framþróun á landsvísi í þessum málum hefur runnið með einum eða öðrum hætti undan rifjum SHS, þannig er það bara.

Hæstvitur ráðherra þessa málaflokks sem og aðrir ráðamenn. Þið viljið ekki kasta þessari þekkingu og áratugareynslu starfsfólks og stjórnenda SHS út um gluggann. Þið eruð svo stutt frá einu stærsta pólitíska klúðri sem sögur fara af héraendis. Ég bið ykkur að sýna okkur hjá SHS virðingu og þakklæti í verki með því að standa við ykkar hluta sammingsins svo að við getum eytt allri óvissu og haldið ótrauð áfram sem ein liðsheild í því sem við erum best í. Að bjarga lífi, umhverfi og eignum.

Virðingarfyllt:
Stefnir Snorrason.